



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
umsagnir.althingi.is

Reykjavík, 15.4. 2024
(202404-0002)

Efni: Náttúruverndar- og minjastofnun
Umsögn: 831. mál. 154. löggjafarþing 2023-2024

Minjastofnun og forveri hennar, Fornleifavernd ríkisins, hafa frá upphafi átt í mikilvægu samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands. Stjórnsýsla menningarminja hefur verið í góðum farvegi hjá stofnuninni.

Þjóðminjasafnið vill ítreka mikilvægi þess að samfella haldist í stjórnsýslu málaflokksins við fyrirhugaðar breytingar. Samstarf Minjastofnunar og Þjóðminjasafnsins hefur verið hvað ríkast í tengslum við fornleifarannsóknir og húsvernd og unnið þar eftir góðum verkferlum sem Þjóðminjasafnið leggur áherslu á að haldi áfram.

Eitt mikilvægasta framlag okkar Íslendinga til húsverndarsögu er fólgið í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Í dag dylst engum að húsvernd, eða verndun gamalla húsa, er mikilvægur þáttur í minjavarðveislu. Saga húsasafns Þjóðminjasafnsins og húsverndar hófst þegar Keldnaskálinn var færður safninu árið 1912 og allt frá því hafa hús verið færð safninu að gjöf eða þau keypt, svo þjarga mætti einstökum byggingarsögulegum minjum. Því er mikilvægt að sameiginleg markmið þessara stofnana í húsverndarmálum og náð samstarf, njóti þess tækifæris sem nú gefst; að auðga enn frekar samstarfið svo ná megi góðri festu í viðhaldi, rekstri og rannsóknnum á þessum merku þjóðminjum.

Virðingarfyllt,

Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður